

## Punktur frá Olweusar vinnufundi foreldra

Það kom fram í síðustu könnun að hluti nemenda í Grandaskóla horfir aðgerðalaus á þegar aðrir eru lagðir í einelti. Hvernig getum við aukið samkennd nemenda og löngun þeirra til að standa saman gegn einelti?

1. Ræða heima við börnin um - Hvernig vil ég vera? - Hvað viltu að aðrir geri fyrir þig? Vináttu og traust.
2. Foreldrahópurinn tali meira saman - ekki alltaf kennari sem hafi samband.
3. Láta foreldra vita ef barnið ef vitað er að barnið er í þessum hóp.
4. Kristin gildi.
5. Mikilvægi þess að börnin hafi greiðan að gang að einhverjum í skólanum til að ræða um hugsanlegt einelti.
6. Byggja upp góðan anda í bekknum.
7. Allir þurfa að líta sér nær, taka á öllu í umhverfinu. Samfélagið þarf að auka samkennd.
8. Eineltislögregla sem fylgist vel með. Réttur er settu - gerendur og þolendur.

Hluti nemenda getur hugsað sér að leggja í einelti. Hvað getum við gert?

1. Ræða við börnin um einelti er mjög mikilvægt. Bæði heima og í skólanum.
2. Mikilvægt að foreldrahópurinn sé samstíga og sterkur.

Hluti nemenda segist eiga einn vin eða engan. Hvernig getum við aukið líkurnar á því að þeir eignist fleiri vini?

1. Klemmuvinir- þá er dregið um hverjir eiga að leika saman í frímínútum. Hefur gefið góða raun í yngri bekkjum.
2. Vettvangsferðir og ferðalög með nemendum.
3. Vinabekkir.
4. Vinahópar.
5. Vinastundir - tjáning, æfa sig að segja jákvæð orð
6. Leynivinir.
7. Hafa foreldraviðtal án barna - þar sem hægt er að ræða viðkvæm mál.
8. Afmæli - passa að öllum sé boðið eða litlum hóp. Hér bera foreldrar ábyrgð.
9. Foreldrar skipuleggja með barninu og leiðbeina hverjum og hvernig það spyr eftir leikfélaga.
10. Þjóða bekkjarfélögum heim - skipulega.

11. Mikilvægt að aðrir foreldrar í bekknum viti ef barni í bekknum líður illa félagslega því þeir geta hjálpað.
12. Ræða við kennara um vandann.
13. Nemendur kynni áhugamál sín.

**Hluti nemenda virðist finna fyrir mismunun vegna útlits. Nokkuð hefur borið á neikvæðum athugasemdum vegna klæðnaðar. Getum við á einhvern hátt brugðist við þessu?**

1. Foreldrar ræði þessi mál heima.
2. Foreldrar þurfa að passa hvað þeir láta börnin sín heyra um svona mál.
3. Skólabúninga. Ekki endilega merktir skólanum.
4. Skólabúningur - getur verið mismunun að allir séu í sama sniði.
5. Virða það hvað hver velur sér.
6. Umburðarlyndi - stór/lítill, mjór/feitur. Ræða heima og í skólanum.
7. Styrkja sjálfsmat barnanna, að þau þori að vera eins og þau eru.
8. Neikvæðar athugasemdir vegna klæðnaðar ekki leyfðar.
9. Þennan punkt væri gaman að ræða saman með nemendum
10. Ábyrgðin liggur hjá foreldrum.
11. Óþolandi hópprýstingur á stúlkur að koma málaðar í skólann.
12. Foreldrar sem á fundinum voru fannst það ekki viðeigandi að 12 ára stúlkur væru málaðar í skólum.